



292. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 19. ágúst 2020 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson og Þórey Edda Elísdóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir sex mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í ágætis jafnvægi og í samræmi við fjárhagsáætlun. Áætlanir varðandi Kvennahlaupið stóðust ekki, kostnaður varð meiri og tekjur minni. Vegna COVID-19 varð mikil seinkun á afhendingu bolanna og hafði það áhrif á sölu þeirra.

2. Reglur um innra eftirlit vegna stýringar fjármála hjá ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti uppfærslu á reglum um innra eftirlit vegna stýringar fjármála hjá ÍSÍ. Gjaldkeri, framkvæmdastjóri og Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi unnu uppfærsluna á reglunum en það er á höndum framkvæmdastjórnar ÍSÍ að taka afstöðu til þeirra.

Reglur um innra eftirlit vegna stýringar fjármála hjá ÍSÍ, skv. framlögðu skjali, samþykktar samhljóða.

3. Íþróttamiðstöðin í Laugardal – viðhald

Forseti skýrði frá því að viðhald á þaki á húsi þrjú sé brýnt vegna leka á nokkrum stöðum. Forseti sagði brýnt að grípa til aðgerða, bæði svo tjón hljótist ekki af aðstæðum og einnig til að viðhalda heilbrigði loftgæða í skrifstofurými ÍSÍ.

Endurskoðuð kostnaðaráætlun VSÓ hljóðar upp á 15-16 milljónir króna.

Forseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að skoða einstaka kostnaðarliði frekar og gera að því loknu tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um afgreiðslu þessa máls.

4. Vinnuhópur um þjóðarleikvanga

Örn Andrússon formaður hópsins kom inn á fundinn og fylgdi lokaskýrslu hópsins úr hlaði. Í hópnum sátu, ásamt Erni, Sigríður Jónsdóttir, Freyr Ólafsson, Ingvar Sverrisson og Ómar Einarsson. Með vinnuhópnum starfaði Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Skýrslan var send framkvæmdastjórn ÍSÍ til upplýsingar skömmu fyrir fund og var því samþykkt að taka hana aftur fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar, þegar stjórnin hefur haft tækifæri til að kynna sér innihald hennar til hlítar.

Bókaðar þakkir til vinnuhópsins og starfsmanns fyrir þá góðu vinnu sem liggur að baki skýrslunni. Mikil upplýsingasöfnun og greining gagna átti sér stað hjá vinnuhópnum, sem mun koma að miklu gagni í áframhaldandi vinnu um málefnið.

Forseti skýrði frá stöðu mála hjá starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytis um þjóðarleikvanga fyrir innanhússíþróttir. Starfshópurinn mun kynna lokaskýrslu sína fyrir ráðherra á næstunni.

Örn Andrésen vék af fundi.

5. Ólympísk málefni

Andri Stefánsson fór yfir það helsta sem unnið er að á sviðinu.

Engin alþjóðleg verkefni eru framundan á árinu en Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar er fyrirhuguð í Finnlandi í janúar nk.

Sviðið hefur haldið stöðufundi með þeim sérsamböndum sem þiggja styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ. Þeir fundir gefa góða yfirsýn yfir stöðu hvernar íþróttar.

6. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagraðs Almenningsíþróttasviðs fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hann kom inn á tap Kvennahlaupsins og sagði afleiðingar COVID-19 hafa haft mikil áhrif á undirbúning og framkvæmd hlaupsins í ár, sem endurspegladist bæði í þátttökufjölda og bolasölu. Miklar breytingar hefðu einnig verið gerðar á fyrirkomulagi bolasölnunnar í ár og ljóst að það taki tíma að aðlagast þeim breytingum.

Samþykkt að Almenningsíþróttasvið ÍSÍ greini Kvennahlaupið sérstaklega með gjaldkera og framkvæmdastjóra og vinni að því loknu með aðkomu Kvennahlaupsnefndar ÍSÍ tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um næstu skref varðandi hlaupið.

Göngum í skólann hefst 2. september nk. með setningarhátíð í Breiðagerðisskóla.

Íþróttavika Evrópu hefst 23. september nk. með áherslu á verkefni í samstarfi við framhaldsskóla á landinu.

Viðar Garðarsson formaður fagraðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Nýja þjálfraeðibókin hefur verið gefin út af Iðnú og verður hún aðal námsbókin á öllum þjálfaranámskeiðum ÍSÍ. Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri leiddi undirbúning útgáfunnar af hálfu ÍSÍ. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með útgáfu bókarinnar og bókaðar eru góðar þakkir til Ragnhildar fyrir hennar miklu vinnu við yfirlestur og undirbúning.

Annað stjórnendanámskeið ÍSÍ verður haldið dagana 16.-18. september nk. en námskeiðið var fyrst haldið í janúar sl. Ólympíuhlaup ÍSÍ verður í grunnskólum á landinu í haust og er verkefnið hluti af Íþróttaviku Evrópu. Sumarönn þjálfaranámskeiðs ÍSÍ er nýlokið (1. og 2. Stig) og var þátttakan góð. Vegna COVID-19 hefur málstofu um rafleiki verið frestað í tvígang en nú er stefnt að því að halda hana í október nk. og þá hugsanlega í gegnum fjarfundabúnað, ef aðstæður kalla á slíkar lausnir.

7. Málefni COVID-19

Forseti skýrði frá samráðsfundinum „Að lifa með veirunni“ sem hann mun sitja fyrir hönd ÍSÍ um COVID-19 á morgun. Streymt verður beint frá ráðstefnunni sem haldin er á vegum heilbrigðisráðherra, í samvinnu við forsætis- og dómsmálaráðuneytis.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu aðgerðir í baráttunni gegn COVID-19. ÍSÍ hefur verið í miklum samskiptum við sóttvarnayfirvöld og verið milligönguáðili varðandi leikreglur sérsambanda og íþróttar. Mikil vinna er við hverjar þær breytingar sem verða á reglum um sóttvarnir sem hafa áhrif á íþróttastarfið í landinu. ÍSÍ hefur útbúið ramma fyrir sérsamböndin til að vinna eftir við uppfærslur á leikreglum til að tryggja að þær innihaldi það sem sóttvarnayfirvöld gera kröfur um.

Enn eru áhorfendur ekki leyfðir á íþróttaviðburðum.

Takmarkanir á landamærum Íslands hafa mikil áhrif á þátttöku Íslands í alþjóðlegum íþróttaviðburðum.

8. Sérstækar aðgerðir – COVID-19

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá því að vinnuhópurinn um tillögur að úthlutun fjárframlags ríkisins úr sérstökum aðgerðum væri tilbúinn með drög að forsendum að úthlutun. Beðið er eftir staðfestingu frá ráðherra áður en lengra verður haldið. Kallað verður til stjórnarfundar á Teams þegar samþykki ráðherra liggur fyrir.

9. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ hefur verið dagsettur 13. nóvember nk.

Rætt um fyrirkomulag fundarins og mögulegar aðstæður sem skapast geta ef takmarkanir verða á samkomum þegar þar að kemur.

10. Norrænn fundur íþróttasamtaka

Áætlað er að halda fundinn í Danmörku 11. september nk. með þeim takmörkunum að einungis forseti, framkvæmdastjóri og einn til viðbótar frá hverri þjóð megi sækja hann. ÍSÍ hefur óskað eftir því að hann verði frekar haldinn í gegnum fjarfundabúnað og hafa nokkrar fleiri þjóðir tekið undir þá ósk. Beðið er svars frá skipuleggjendum.

11. Kynningar- og markaðsmál ÍSÍ

Úlfur H. Hróbjartsson kynnti tvö mál frá Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ.

Annars vegar óskar nefndin eftir því að vefsíða ÍSÍ verði endurnýjuð. Annmarkar eru á vefsíðunni sem nú er í notkun og tími er kominn á nýjar lausnir. Samþykkt að vinna þarfagreiningu og kostnaðargreiningu nýrrar vefsíðu.

Hins vegar bendir nefndin á mikilvægi þess að samræma alla markaðssetningu og kynningu á vegum ÍSÍ í samstarfi við eina auglýsingastofu.

Samþykkt að fela nefndinni að skoða málið nánar í samráði við framkvæmdastjóra ÍSÍ, með það að markmiði að ná fram bæði fjárhagslegri hagræðingu og samræmingu í kynningarstarfi ÍSÍ.

12. Starfsskýrsluskil

Skrifstofustjóri skýrði stöðu mála varðandi starfsskýrsluskil. Skilin eru góð en tæplega þrjátíu félög eru í vanskilum. Samþykkt að beita þau félög keppnisbanni, í samræmi við 8. grein laga ÍSÍ, ef skil hafa ekki átt sér stað 1. september nk. Viðkomandi félögum verður send aðvörðun um yfirvofandi keppnisbann strax á morgun.

13. Innra skipulag

Tafir hafa orðið á verkefninu, m.a. vegna sumarleyfa starfsfólks. Stefnt er að því að ljúka verkefninu í septembermánuði.

14. Bogfimisamband Íslands

Lagðar fram upplýsingar frá Bogfimisambandi Íslands um að Ólafur Gíslason formaður hafi sagt af sér sem formaður sambandsins, af persónulegum ástæðum, og Guðmundur Örn Guðjónsson varaformaður tekið við embættinu skv. lögum sambandsins, fram að næsta ársþingi þess.

15. Heiðranir

Engar tillögur til heiðrana lágu fyrir fundinum.

16. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 291. fundur framkvæmdastjórnar
- 11. og 12. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ

17. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

18. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir eru áætlaðir 19. september, 22. október og 12. nóvember nk.

19. Önnur mál

Skráningarkerfi

Viðar Garðarsson spurðist fyrir um stöðu mála varðandi nýtt skráningarkerfi hreyfingarinnar. Andri Stefánsson fór yfir það sem unnið hefur verið að síðustu vikur og mánuði. Unnið er að minnisblaði um stöðu verkefnisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari